

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Þiðrik Þorsteinsson á að vera sýkn í þessu máli að því til hegningar kemur. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hin ákærðu, Þiðrik Þorsteinsson og Guðrún Sigurðardóttir, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Pals Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. júlímánaðar.

Nr. 18/1893:

Rjettvísín

gegn

Sigurjóni Einarssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkvednum 4. marzmánaðar þ. á., er hinn ákærði Sigurjón Einarsson, þá vinnumaður á Svalbarði í Þistilfirði, dæmdur fyrir blóðskömm og hlutdeild í barnsmorði til að sæta 10 ára typtunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar á meðal 6 kr. til hins skipaða talsmanns hans í hjerði.

Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Eptir eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýstum atvikum eru málavextir þeir, er nú skal greina. Vorid 1891 rjéðst sem vinnukona að Svalbarði, þar sem ákærði var vinnumaður, hálf systir hans óskilgetin Sólborg Jónsdóttir. Gjörðist brátt nokkur samdráttur milli þeirra systkina til lauslætis, er hún, sem áður hafði átt 2 börn utan hjónabands, þó fyrst átti helzt upptökin að. Það var á þorranum 1892, að þau drýgðu fyrst holdlegt samræði saman og varð það síðan alloft, þangað til hún snemma í fyrra sumar sagði ákærða, að hún væri orðin vanfær eptir hann. Eptir þetta urðu tíðari samfarir þeirra, þangað til kringum returnætur, að Sólborg sagði ákærða, að hún væri búin að ala barn. Hafði hún átt það um daginn í fjósinu á Svalbarði og falið það síðan í kistu sinni, og bað hún ákærða nú að grafa það, og það gjörði hann, en þó eigi fyr en hálfum mánuði seinna, í fjárborg úti við sjó á Svalbarði, þar sem það síðar var grafið upp eptir tilvísan ákærða. Ekki vissi ákærði neitt um, hvort barnið hefði fæðzt lifandi, en hann þóttist skilja, að barnið væri dauft, þegar systir hans sagði honum frá því, og ætlaði, að hún hefði fyrirfarið því, bæði af því, sem þeim systkinum hafði áður farið á milli og sem síðar verður minnzt á, og af því, að hann sá marbletti á höfði barnsins, þegar hann fór með það til að grafa það. Eptir að Sólborg ól barnið og til þess er rannsókn var hafin, í byrjun þessa árs, höfðu systkinin ekki holdlegt samræði saman, en ákærði hefur þó játað, að hann hafi prisvar á þessum tíma farið í rúm til systur sinnar, en það hafi skeð í einhverju ósjálfræði.

Þegar þeim systkinum var orðið ljóst, að hún var óljett orðin, kom þeim saman um að leyna ástandi

hennar og fæðingunni hið ýtrasta, þó að það kostaði líf barnsins, og varð það þannig að fullum ásetningi þeirra, sem þau optar áttu tal saman um, að fyrirfara barninu, ef á þyrfti að halða, til að leyna fæðingunni, en ekki var ákveðið neitt greinilegar milli þeirra um það, hvort þeirra skyldi deyða barnið, ef til kæmi, eða hvernig því skyldi fyrir komið. Eftir að þetta áform, að leyna fæðingu barnsins hið ýtrasta, var til orðið, hugkvæmdist henni, að reyna að eyða fósturunni með meðöllum, og sótti ákærði, sem fjellst á þessa tilraun og þótti hún betri en hitt, að þurfa að fyrirfara barninu, með ölin til læknis, en meðölin þóttu þá ekki hafa tilætluð áhrif og varð svo ekkert úr þeirri tilraun, en ásetningurinn, að fyrirfara barninu, ef það fæddist lifandi, stóð óhaggaður.

Systir ákærða dó skyndilega rjett í byrjun rannsóknar málsins og áður en hún yrði yfirheyrð, og er álitíð, að hún hafi fyrirfarið sjálfri sjer á eitri (strychnin). Skýrsla hennar hefur því eigi fengizt um það, hvort barnið hafi fæðzt lifandi og um atvik að dauða þess, en læknir sá, sem fenginn var til að skoða barnslíkið, hefur álitíð, að það hafi verið fullburða og fæðzt lifandi, en óvíst sje um dauðaorsökina. Þar sem nú, eins og áður er ávíkið, álit ákærða, að systir hans hafi drepið barnið, að eins er byggt á ímyndun hans einni, en ekki á sögusögn systur hans eða eigin vitund, þá er það eigi sannað, að barnið hafi verið deytt af völdum móðurinnar samkvæmt samanteknum ráðum þeirra systkina, og verður sekt hins ákærða því í þessu atriði eigi miðuð við fullkomnun glæps þess, er hjer er um að ræða.

Brot hins ákærða, sem er fæddur 6. sept. 1868 og

þannig kominn yfir lögaldur sakamanna og sem aldrei hefur áður sætt ákæru eða hegningu fyrir nokkurt lagabrot, ber að heimfæra undir 165. gr. og 187. sbr. 55. og 47. gr. hinna almennu hegningarlaga — og er þá fóstureyðingartilraunin ekki skoðuð sem sjerstakt afbrot, heldur að eins sem einn liður í samtökunum gegn lífi barnsins — og virðist hegningin með hliðsjón af 63. gr. nefndra laga, hæfilega ákveðin 6 ára betrunarhúsvinna. Með því að yfirdómurinn fellst á málskostnaðar-ákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hann með greindri niðurfærslu hvað hegninguna snertir. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Sigurjón Einarsson á að sæta betrunarhúsvinnu í 6 ár. Að öðru leyti á hinn áfrýjadi dómur óraskaður að standa. Svo ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.